

REGLUR

um starfsemi sjóðs um ritmenningu íslenskra miðalda, RÍM.

I. KAFLI

Almennt um RÍM.

1. gr.

Hlutverk RÍM.

Hlutverk sjóðsins er að efla rannsóknir á heimildum um ritunarstaði miðaldahandrita á Íslandi, og þá sérstaklega á þeim lærdómsmiðstöðvum og klaustrum þar sem ritmenning blómstraði á miðöldum. Verkefnið skiptist í tvo verkþætti: Annars vegar að rannsaka menningarminjar og umhverfi tengt þessum stöðum, og hins að gera rannsóknir á handrita- og bókmenningu þeirra.

2. gr.

Stjórnýsla.

Snorrastofa hefur umsýslu með verkefninu Ritmenning íslenskra miðalda.

Ráðstöfunarfé Ritmenningar íslenskra miðalda, RÍM, er samkvæmt fjárlögum fyrir árin 2020 til 2024. Fjárveitingum til sjóðsins skal varið til að styrkja rannsóknir á sviði ritmenningar íslenskra miðalda. Áætlað árlegt fé til sjóðsins er 35 m.kr. á ári, þar af greiðist umsýsla vegna verkefnisins af sjóðnum.

II. KAFLI

Úthlutunarreglur

3. gr.

Úthlutunarnefnd.

Úthlutunarnefnd er skipuð er fulltrúum Háskóla Íslands, Minjastofnunar Íslands og Þjóðskjalasafns Íslands. Hlutverk úthlutunarnefndar er að meta umsóknir og skila tillögu um úthlutun til ráðherra.

4. gr.

Auglýsingar.

Snorrastofa auglýsir eftir umsóknum um styrki á heimasíðu sinni, í dagblöðum eða með öðrum sannanlegum hætti.

5. gr.

Almennt um umsóknir.

Umsóknum um styrki úr sjóðnum skulu fylgja greinargóðar upplýsingar um fyrirhuguð verkefni á þar til gerðum umsóknareyðublöðum. Sé fyrirhugað að sækja um styrk til verkefnis sem taka mun fleiri en eitt ár að vinna skal umsækjandi gera grein fyrir heildarmarkmiðum verkefnis, áfangaskiptingu og kostnaðaráætlun auk þess að skila inn ársskýrslu eftir hvert ár. Styrkveitingu fylgir ekki skuldbinding til að veita styrki til síðari áfanga verkefnis. Heimilt að óska eftir frekari gögnum og upplýsingum eftir því sem þurfa þykir.

6. gr.

Mat á umsóknum.

Mat á umsóknum skal einkum byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- gildi og mikilvægi verkefnis með tilliti til þeirra markmiða sem RÍM eru sett;
- líkum á því að umsækjanda takist að ná þeim markmiðum er verkefnið miðar að;
- starfsferli og faglegum eða fræðilegum bakgrunni umsækjanda og annarra þátttakenda m.t.t. þeirra krafna sem verkefnið gerir til þeirra.

Úthlutunarnefnd er heimilt að leita eftir ráðgjöf eða umsögn sérfræðinga við mat á einstökum umsóknum.

7. gr.
Úthlutun.

Úthlutanir úr sjóðnum eru á hendi mennta- og menningarmálaráðuneytis að fenginni umsögn úthlutunarnefndar. Umsóknir eru metnar með tilliti til vísindalegs og menningarsögulegs gildis með tillit til markmiða verkefnisins.

8. gr.
Skilyrði styrkveitinga

Styrkjum er úthlutað til eins árs í senn. Nýti styrkþegi sér ekki úthlutaðan styrk á sama ári og honum er úthlutað, fellur styrkur niður. Heimilt er, vegna sérstakra aðstæðna, að veita frest til greiðslu styrks til næsta árs á eftir úthlutun hafi borist formleg og rökstudd beiðni þess efnis frá styrkþega til Snorrastofu fyrir lok úthlutunarárs. Styrkveitingin er háð því að verkefni fylgi þeim stöðlum og reglum sem Minjastofnun Íslands setur. Um önnur leyfisskyld verkefni skal fylgja þeim stöðlum og reglum sem við á.

9. gr.
Tilkynning um afgreiðslu umsókna.

Snorrastofa tilkynnir umsækjendum skriflega um afgreiðslu umsókna þeirra. Umsækjendum um styrki til verkefna, sem fallist er á að styrkja, skal jafnframt tilkynnt um skilyrði sem styrkveiting er bundin, eftirlit sem henni fylgir og viðurlög, ef út af bregður. Skilyrði fyrir lokagreiðslu styrks er að styrkþegi hafi skilað lokaskýrslu eða áfangaskýrslu sem Snorrastofa hefur samþykkt.

10. gr.
Greiðsla styrkja

Mennta- og menningarmálaráðuneyti annast greiðslu styrkja samkvæmt ákvörðun ráðherra að fenginni tillögu úthlutunarnefndar. Viðtaka styrkfjár felur í sér viðurkenningu á að styrkþegi fallist á þau skilyrði sem styrkveiting er bundin.

11. gr.
Eftirlit með framkvæmd verkefna.

Snorrastofa hefur eftirlit með að styrkir hafi verið notaðir til þess sem þeir voru veittir til. Fulltrúi Snorrastofu skal eiga greiðan aðgang að vinnustað meðan á verkefni stendur. Styrkþegum er skylt að kynna Snorrastofu stöðu verksins sé þess óskað og afhenda gögn tengd verkefninu stofnuninni að kostnaðarlausu.

Verði brestur á að ráðist sé í verkefni getur Snorrastofa, að tillögu úthlutunarnefndar, tekið ákvörðun um að fella styrkveitingu niður að fengnu samþykki ráðherra.

Ef sýnt þykir að styrkfé hafi ekki verið eða verði ekki nýtt í þeim tilgangi sem ætlað var, getur Snorrastofa krafist þess að sjóðnum verði endurgreiddur styrkur í heild eða að hluta.

14. gr.
Styrktímabil.

Styrkir Ritmenningar íslenskra miðalda skulu veittir til eins árs í senn. Sótt skal um árlega til verkefna sem taka til lengri tíma. Úthlutunarnefnd getur ákveðið að veita vilyrði fyrir áframhaldandi styrkveitingum til verkefna sem taka til fleiri ára á starfstíma sjóðsins. Slík vilyrði eru þó aldrei bindandi af hálfu sjóðsins.

15. gr.

Reglur þessar eru settar með hliðsjón af 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og öðlast þegar gildi.